Nd. **319. Frumvarp**

til laga um breyting á lögum um vegi, nr. 57, 22. nóv. 1907.

(Eftir 2. umr. í Nd.)

1. gr.

Kostnaður við sýsluvegi greiðist úr sýslusjóði, en í hann greiði hvert hreppsfjelag 3 krónur fyrir hvern verkfæran mann í hreppnum, 20—60 ára, í hverri stöðu sem er. Heimilt er sýslunefnd að ákveða fyrir eitt ár í senn, að gjald þetta skuli vera hærra, alt að 9 kr. fyrir hvern verkfæran karlmann.

2. gr.

Hreppsvegagjald er 2 kr. 50 a. fyrir hvern verkfæran karlmann í hreppnum, 20—60 ára, í hverri stöðu sem er. Heimilt er hreppsnefnd að ákveða fyrir eitt ár í senn, að hreppsvegagjald skuli vera hærra, alt að 9 kr. fyrir hvern verkfæran karlmann.

3. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi numin ákvæði fyrsta og annars málsliðs í 20. gr. vegalaganna frá 22. nóv. 1907 og fyrri málsgr. 3. gr. laga nr. 41, 11. júlí 1911.